

Reykjavík, 20. Nóvember 2013

UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM HÚSALEIGUBÆTUR (RÉTTUR NÁMSMANNA), 72. MÁL.

Stúdentaráð Háskóla Íslands fagnar frumvarpi um breytingar á húsaleigubótum námsmanna og vill koma á framfæri þökkum til Bjartar framtíðar, fyrir að leggja sig fram við að halda þessu mikilvæga hagsmunamáli stúdenta á lofti í enn eitt skiptið en frumvarp þetta hefur áður fengið jákvæða efnislega umsögn í velferðarnefnd.

Húsnæðisvandi stúdenta er mikið félagslegt áhyggjuefni. Lítið framboð á hentugu húsnæði og ör fjölgun stúdenta helst í hendur sem skapar ákveðið vandamál. En hækkun leiguverðs á hinum almenna leigumarkaði hefur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Það er því augljóst að með hækkandi leiguverði á íbúðum umhverfis Háskóla Íslands eykst eftirspurn eftir stúdentaíbúðum. Því miður annar Félagsstofnun Stúdenta ekki þeirri gríðarlegu eftirspurn en ríflega 800 manns eru á biðlista eins og staðan er í dag (20.11.2013). Íbúðir FS eru of fáar og er ljóst að þrátt fyrir að í ár verði ríflega 300 nýjar íbúðir teknar í notkun þá stendur eftirspurnin í stað og ekkert lát virðist á umsóknum.

Í lögum um húsaleigubætur kemur fram að íbúð þurfi að uppfylla viss skilyrði til að teljast „styrkhæf“. Í 5. mgr. 7.gr. laganna eru kröfurnar rýmkaðar sé um fólk með fatlanir á sambýli eða námsmenn á *stúdentagörðum* að ræða. Enda er lítið á slíkt sem félagsleg úrræði. Stúdentaráð setur spurningarmerki við réttmæti þess að slíkur afsláttur sé ekki veittur á almennum leigumarkaði. Sérstaklega í ljósi þess að ekki er hægt að veita öllum námsmönnum aðgang að stúdentagörðum - því miður.

Meirihluti þeirra stúdenta sem eru á biðlista eftir íbúð á stúdentagörðum eru með lögheimli á landsbyggðinni og eiga því líklega ekki um önnur hús að venda á höfuðborgarsvæðinu og verða því að láta sér nægja húsnæði á hinum almenna leigumarkaði þangað til að úthlutunardegi er komið. Því er gríðarlega mikið hagsmunamál fyrir stúdenta að jafna þennan aðstöðumun hjá þeim sem neyðast út á hinn almenna leigumarkað og þeirra sem fá úthlutaða íbúð á stúdentagörðum Félagsstofnunar Stúdenta.

Stúdentaráð er að öllu leyti fylgjandi þessu frumvarpi, efni þess sem og meðfylgjandi greinargerð. Stúdentaráð vill leggja áherslu á mikilvægi þess að aðrir þingflokkar styðji við frumvarp Bjartar framtíðar. Dökk mynd blasir við þegar lítið er til heildaraðstæðna stúdenta



Stúdentaráð Háskóla Íslands

sem hafa mátt þola miklar skerðingar á lífskjörum sínum undanfarin ár. Þetta frumvarp væri liður í því að bæta lífskjör námsmanna.

Stúdentaráð veur einnig athygli á því að ráðið og fulltrúar þess eru tilbúin til þess að svara frekari spurningum nefndarinnar eða einstaka þingmanna hvenær sem er, og er boðið og búið til þess að aðstoða við frekar vinnslu þessa frumvarps, eða annarra.

Oft var þörf en nú er nauðsyn. Öll aðstoð gegn fjárhagsvanda stúdenta, óháð stærðargráðu, mun skipta sköpum og er það einlæg von Stúdentaráðs að það takist í þriðju tilraun að gera þetta frumvarp að veruleika.

Styðjum við stúdenta, kynslóð framtíðarinnar.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands,

María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs